



*Nemendur og starfsmenn að baða sig í skógarferð*

## 1. Umhverfisnefnd

Við erum með lýðræðislega kosningar í umhverfisnefnd á miðstiginu. Með því kennum við nemendum um lýðræði og leyfilegar kosningar. Þau skrifa nöfn á blað og við förum saman yfir það. Fulltrúar í nefndinni eru Aníta Mist Birgisdóttir, Magnús Veigar Aðalsteinsson, Jörundur Guðmundsson Díaz, Hrafnhildur Ágústsdóttir (ræsttækni) og Bolette Høeg Koch (verkefnastjóri). Nemendur eru í meirihluta. Skólaárin 2022-2024 voru í Þjórsárskóla um fjörutíu nemendur. Umhverfisnefndin er ekki stór, en nemendur eru líka fáir.

### Mat á stöðu mála

Í upphafi nýs tímabil haustið 2022 förum við yfir stöðuna. Við förum saman yfir gátlistana á heimasíðu Grænfánans og notuðum listann fyrir miðstigið. Þetta er í fyrsta skiptið sem við prentuðum ekki út listann, en skráðum og geymdum. Við tókum fjóra fundi í þessa vinnu. Okkur finnst það skipta máli að gefa sér góðan tíma í að ræða þetta allt vel. Góðar umræður sköpuðust.




Árleg hjólaferð um sveitina

## 2. Aðgerðaáætlun og markmið

Þemað okkar er orka og líffjölbreytileiki

Markmið fyrir 2022-2024 voru að:

- Vinna með þema um orku og líffjölbreytileika
- Læra um hvaða orkan kemur
- Læra um í hvað við notum orku og hvernig við getum við minnkað orkunotkun
- Læra um mikilvægi allra lífvera
- Læra um fæðu- og vatnshringrásir




Sýnishorn af verkefni um orkunotkun

### 3. Áætlun

Stefnt var að því að:

- Skoða töflur yfir hvað raftæki nota mikið rafmagn
- Taka saman hvar við notum rafmagn og hvort við getum minnkað það
- Kanna hve margir bílar á bilastæði skólans eru rafmagnsbílar, bensín og dísel
- Vinna með moltu og matarleyfar
- Skoða hvaðan vatnið kemur í skólann



Sýnishorn af bilaverkefni



7. bekkur að taka upp kartöflur, sem voru settar í moltubeðið okkar

Eftir að hafa farið yfir gátlistann völdum við markmið. Okkur langaði að skoða orku vegna þess að við notum öll orku og vegna þess að í okkar sveit er mikil orkuframleiðsla. Nemendum langaði að taka líffjölbreytileika með þessari vinnu. Þetta var niðurstaðan eftir umræður í nefndinni. Nemendur fóru í alla bekki til að segja frá markmiðum okkar næstu tvö árin.

Farið var í alla bekki með fræðslur um Grænfánann í mars 2023


1. Rætt um ruslaflokkun
2. Gróðursetningu
3. Endurvinnslu/notkun

Útkoman var að:

- 1.-2. bekkur teiknaði ruslatunnur og fór í leiki um rafmagn
- 3.-4. bekkur fór yfir upprunalegu trén á skólalóðinni
- 5.-7. bekkur fór í hópavinnu um orkunotkun

Farið var í alla bekki með fræðslu um gróðursetningu og útkoman var að:

- 1.-4. bekkur sáði sólblómafræjum í potta, merktu og pössuðu upp á þau.
- 5.-7. bekkur sáði blómafræjum í potta, unnu líka í orkunotkun og leituðu á netinu til að finna lista yfir orkunotkun tækja.



Sýnishorn af teiknuðum moltutunnum

#### 4. Eftirlit og endurmat

Það gekk vel að vinna eftir markmiðssetningu, nefndarmenn höfðu áhuga og lögðu til spennandi hluti þegar við vorum í þessari vinnu. Verkefnastjóri nýtti tíma í bekkjum þegar hún fór í forfallakennslu og náði þannig mjög vel til nemendahópsins í heild sinni

Við fórum svo yfir hvernig okkur gengi með markmiðin, rifjuðum upp og ræddum hvað ætti að gera næst. Þessi hluti af vinnunni er mjög mikilvægur og gefur gott tækifæri til umræðna með nefndinni og nemendum öllum.

#### Kynning á stefnunni

##### 5. Námsefni og námskrá

Það gafst tækifæri til að fara í bekkina og ræða um orkuframleiðslu. Í okkar sveit er bæði vind og vatnsorkuframleiðsla og hafa margir nemendur komið í Búrfellsstöð Landsvirkjunar. Svo tóku nemendur á miðstiginu saman í hvað þeir notuðu rafmagn og hversu mikið. Listinn var langur og við notuðum heilmikinn tíma í að finna út hvað tækin notuðu mikið rafmagn. Við ræddum líka hvernig við gætum sparað.

Allir bekkir fóru út á bílastæði starfsmanna og skrifuðu upp hve margir bílar notuðu rafmagn, bensín og dísel. Það skapaðist mikil umræða um orku og af hverju allir bílar væru ekki rafmagnsbílar. Þetta var verkefni sem hentaði öllum aldurshópum.

Það er komið nýtt kerfi fyrir moltugerð í sveitafélagið og var þetta því síðasta árið sem við gerðum moltu sjálf. Nú hafa allir nemendur skólans fengið skoðunarferð á gámasvæði hreppsins. Starfsmaður fræddi nemendur og fékk þeim verkefni varðandi flokkun. Að því loknu fengu nemendur að skoða nýju moltugerðina og fengu mold með sér heim sem vildu.

Við ræddum um líffjölbreytileikann þegar kartöflurnar voru settar niður og aftur teknar upp. Rætt var um ánamaðkinn, flugur og fleiri dýr sem er talin til ama en reynt var að benda nemendum á að allir hafa hlutverk. Mýs voru tölvert ræddar og hvernig okkur finnst þau sæt og falleg í náttúrunni en viljum ekki hafa þær inni.

Nemendur könnuðu heima hjá sér hvaðan kaldavatnið kæmi. Á mörgum stöðum eru íbúar eða bæir með lindir, en þéttbýlið fær vatn frá veitum.

Mjög stór hluti af okkar skólastarfi tekur mið af umhverfinu og fræðslu um það.

##### 6. Upplýsa og fá aðra með

Það eru notuð öll tækifæri til að ræða um Grænfánann og reyna að gera nemendur meðvitaða um mikilvægi þess að passa upp á náttúruna. Virkjunarmál er viðkvæmt málefni í okkar sveit, en mikilvægt er að tala við nemendur um það á ábyrgan hátt. Við getum núna frá og með þessu skólaári 2024-2025 haft áhrif á unglingana sem halda áfram hjá okkur til loka grunnskólans. Það er tilhlökkunarefni að missa þá ekki úr verkefninu við lok 7. bekkjar.

## 7. Yfirmarkmið – sáttmáli

Í þjórsárskóla leggjum við áherslu á að:

- Læra um orku – spara vatn, rafmagn og olíu
- Læra um náttúru – fjölbreytileika
- Læra um umhverfi – nýta, endurvinna
- Læra um vistheimt – landeyðingar



*Nemendur að laga hestagerði*